

MINNISBLAÐ

SKJALALYKILL

2266-005-MIN-001-V01

DAGS.

18.12.2017

SENDANDI

Reynir Valdimarsson

VERKHEITI

Ljósleiðaravæðing Ísafjarðarbæjar

VERKKAUPI

Ísafjarðarbær

DREIFING

Axel Rodriguez Överby (Ísafjarðarbær)

Ljósleiðaravæðing Ísafjarðarbæjar

EFLA Verkfræðistofa tók að sér að senda inn umsóknir um styrkveitingu Ísland ljóstengt fyrir árið 2018. Fól sú vinna m.a. í sér frumhönnun og frumkostnaðaráætlun.

Verkinu er skipt upp í áfanga og voru sendar 4 umsóknir um styrk fyrir fyrsta áfanga verksins. Sveitarfélagið fær úthlutað 18.771.000 kr. styrk. Ekki fékkst styrkur fyrir 2 staði á Ingjaldssandi. Sjá samantekt í töflu 1. Áfangi 1 inniheldur því styrkhæfa staði í Dýrafirði eingöngu.

TAFLA 1 Yfirlit yfir styrkumsóknir.

UMSÓKN	KOSTNAÐARÁÆTL.	STYRKUPPHÆÐ	FJÖLDI STAÐA	ÚTHLUTAÐUR STYRKUR
1a	61.100.000	27.600.000	36	0
1b	61.100.000	18.400.000	36	0
2a	44.000.000	27.600.000	34	18.771.000
2b	44.000.000	18.400.000	34	0

Reikna má með 200 þús. kr. inntaksgjaldi frá hverjum stað (250 þús. með vsk.) eða samtals kr. 6.800 þús. kr. Út frá þessu yrði kostnaður sveitarfélagsins 18.429 þús. kr.

Rétt er að benda á að sveitarfélagið getur fækkað stöðum í áfanga 1, t.d. með því að sleppa stöðum í sunnanverðum Dýrafirði en haldið styrknum og reynt að fá hærri styrk á næsta ári fyrir þá staði sem nú væri sleppt.

Næstu skref eru eftirfarandi:

1. Sveitarfélagið taki ákvörðun hve margir staðir verði tengdir í áfanga 1, fjármögnun o.s.frv.
2. Fullnaðarhönnun á áfanga 1 þar sem samið verði við fjarskiptafélög um tengingar við núverandi kerfi.
3. Könnun á áhuga íbúa og sumarhúsaeigenda að fá ljósleiðaratengingu.
4. Verðkannanir á efni
5. Útboð á jarð- og tengivinnu og samningar.

EFLA hefur áhuga á að gera sveitarfélaginu tilboð í liði 2, 4 og 5. Einnig getur EFLA aðstoðað við lið 3.

Varðandi rekstur eru nokkrir möguleikar. Hægt er að selja ljósleiðarakerfið til fjarskiptafélags. Sum sveitarfélög hafi stofnað fjarskiptafélag og fengið vsk. endurgreiddan. Sum þeirra hafa jafnframt leigt ljósleiðarakerfið til 10 ára í stað þess að selja það. Leigan var þá boðin út.